

SAMNINGUR VIÐ UMBOÐSMANN KRÖFUHAFA

Í TENGLUM VIÐ SKULDASKJALAÚTGÁFU FOSSA FJÁRFESTINGARBANKA HF. Á MILLI ÚTGEFANDA OG UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

Samningur þessi er á milli LOGOS slf., kt. 460100-2320, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík (hér eftir nefnt „LOGOS“ eða „umboðsmaður kröfuhafa“) og Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík (hér eftir nefndur „Fossar“, „útgefandi“ eða „bankinn“) um ráðningu umboðsmanns vegna skuldaskjalaútgáfu Fossa (hér eftir nefnt „verkefnið“).

Í tengslum við útgáfuramma Fossa fjárfestingarbanka sem samþykktur var af stjórn bankans þann 27. janúar 2025, og gildi frá 1. janúar til 31. desember 2025, gerðu Fossar og LOGOS með sér samning um skipan, hlutverk og skyldur LOGOS sem umboðsmaður kröfuhafa, dags. 4. mars 2025. LOGOS tók fyrst að sér hlutverk umboðsmanns kröfuhafa fyrir Fossa með samningi þar um þann 5. mars 2024.

Á fundi stjórnar Fossa þann 18. desember 2025 ákvað stjórn að endurnýja gildistíma 2025 útgáfurammans og stækka hann með samþykkt nýs útgáfuramma að fjárhæð, 15.000.000.000 kr. („útgáfuramminn“). Öll útistandandi skuldaskjöl bankans voru felld undir útgáfurammanum við samþykkt hans, en útgáfuramminn tók gildi 1. janúar 2026 og er hann ótímabundinn.

Skuldabréf og víxlar sem gefnir eru út af hálfu Fossa í samræmi við 2026 útgáfurammanum, og sem felld voru undir hann við samþykkt hans, eru hér eftir nefnd „skuldaskjöl“. Skuldaskjöl sem gefin hafa verið út samkvæmt 2024 útgáfurammanum og eru enn útistandandi hafa verið felld undir 2025 útgáfurammanum.

Samanlagt nafnverð útgefna útistandandi skuldaskjala sem gefin verða út samkvæmt útgáfurammanum, að teknu tilliti til þegar útgefna skuldaskjala sem þegar hafa verið felld undir rammanum, skal ekki vera umfram 15.000.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum eins og lýst er hér að neðan, eða þá mögulegu stækkun á útgáfurammanum sem er háð heimild stjórnar Fossa.

Með hliðsjón af framangreindu gera Fossar og LOGOS með sér samning þennan um verkefnið. Samningur þessi kemur í stað samningsins frá 4. mars 2025, og gildir um útgáfurammanum.

1. AÐILD AÐ SAMNINGNUM

- 1.1. Samningur þessi er á milli: (i) þeirra aðila sem, á hverjum tíma, eru skráðir eigendur skuldaskjala á grundvelli laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga („kröfuhafar“), (ii) Fossa og (iii) LOGOS.
- 1.2. Kröfuhafar, á hverjum tíma, hvort sem þeir hafa gerst kröfuhafar við upphaflega útgáfu skuldaskjalanna eða við síðari sölu, skulu teljast aðilar samningsins og njóta réttar og bera skyldur samkvæmt honum, enda beri skilmálar skuldaskjalanna með sér upplýsingar um og tilvísun til samningsins. Með fjárfestingu í skuldaskjölunum veita kröfuhafar umboðsmanni kröfuhafa fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem honum eru faldar með samningnum.

2. SKIPUN, STAÐA OG HÆFI UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 2.1. Umboðsmaður kröfuhafa er hér með skipaður af útgefanda og samþykkir umboðsmaður kröfuhafa að taka að sér það hlutverk. Þótt umboðsmaður kröfuhafa sé upphaflega skipaður af útgefanda eru starfsskyldur umboðsmanns kröfuhafa alfarið gagnvart kröfuhöfum og hefur útgefandi ekkert boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er óheimilt að hafa áhrif á störf

hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í samningnum. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla eigendur skuldaskjalanna og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.

- 2.2. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður félagi útgefanda í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmaður kröfuhafa veitir útgefanda reglulega lögfræðiráðgjöf, en mun á gildistíma samningsins ekki veita útgefanda ráðgjöf er varðar skuldaskjölin eða samskipti við kröfuhafa. Aðilar eru sammála um að með samningi þessum hafi útgefandi og kröfuhafar veitt upplýst samþykki sitt um að umboðsmaður kröfuhafa sé heimilt að gæta hagsmuna útgefanda á gildistíma samnings þessa. Umboðsmaður kröfuhafa skal þó gera tilhlýðilegar ráðstafanir til að komið sé í veg fyrir að brotið sé gegn trúnaðarskyldu og skal gæta hagsmuna skjólstæðinga af einurð, sbr. 11. gr. siðareglna lögmannna.
- 2.3. Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera lögmannsstofa, endurskoðunarfyrtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði.
- 2.4. Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt á meðan hann gegnir hlutverki umboðsmanns kröfuhafa vera með lögbundna og gilda starfsábyrgðartryggingar gagnvart tjóni sem kann að hljóttast af störfum hans.
- 2.5. Umboðsmaður kröfuhafa og sá starfsmaður sem sinnir verkum hans mega ekki á undanförunum fimm árum hafa verið lýstir gjaldþrota, hafa leitað nauðasamninga eða heimildar til greiðslustöðvunar eða hlotið dóm fyrir brot á lögum í tengslum við fyrirtækjarekstur.
- 2.6. Umboðsmaður kröfuhafa gerir sér grein fyrir því að verðbréf útgefanda eru eða fyrirhugað er að verði tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Þær aðstæður geta því skapast að umboðsmaður kröfuhafa teljist vera innherji, sbr. meðal annars ákvæði laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðum settum á grundvelli laganna. Umboðsmaður kröfuhafa skuldbindur sig til að vera upplýstur um slíkar reglur eins og þær eru á hverjum tíma og haga störfum sínum til samræmis við þær.

3. HLOTVERK OG SKYLDUR UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 3.1 Umboðsmaður kröfuhafa tekur hér með að sér að vinna þau störf umboðsmanns kröfuhafa sem tilgreind eru í samningnum. Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli samningsins.
- 3.2 Hlutverk umboðsmanns kröfuhafa nær ekki til annarra atriða en kveðið er á um í samningi þessum. Við undirritun samningsins skal umboðsmaður kröfuhafa fá afrit af skuldaskjölunum og öðrum skjölum sem við kunna að eiga og varða útgáfu skuldaskjalanna.
- 3.3 Umboðsmaður kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða, hafi slíkur aðili verið skipaður. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis. Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart útgefanda og staðfestingaraðila og annast öll samskipti við framangreinda aðila fyrir hönd kröfuhafa.
- 3.4 Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd útgefanda á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldaskjölum skal hann senda áskorun til útgefanda um að bæta úr vanefnd innan tilskilins frests, ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka eða heimild er til þess að gjaldfella kröfur samkvæmt skuldaskjölum af öðrum sökum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samningsins.

- 3.5 Umboðsmaður kröfuhafa skal varðveita öll skjöl sem hann móttækur frá útgefanda og staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða á grundvelli samningsins. Umboðsmanni kröfuhafa ber að ganga úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir viðkomandi reglugerðum og reglum verðbréfamiðstöðvar þegar hann sendir tilkynningar eða upplýsingar til kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa ber ekki skylda til að staðreyna efni skjala nema sérstaklega sé kveðið á um slíkt í samningnum.
- 3.6 Umboðsmanni kröfuhafa skal vera heimilt að óska eftir og taka við upplýsingum frá verðbréfamiðstöð um kröfuhafa á hverjum tíma og afhenda útgefanda.

4. HVENÆR SKAL BOÐA TIL KRÖFUHAFAFUNDA

- 4.1 Ef umboðsmaður kröfuhafa telur nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast samningnum, skuldaskjölum eða samningi við staðfestingaraðila eða öðrum atriðum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði samningsins.
- 4.2 Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er í eftirtöldum tilfellum:
- (a) ef útgefandi óskar eftir því;
 - (b) í kjölfar vanefnda samkvæmt skuldaskjölum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem útgefandi hefur tilkynnt um;
 - (c) ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð útstandandi krafna á grundvelli skuldaskjala skv. upplýsingum úr skráum verðbréfamiðstöðvar, óskar eftir fundi;
 - (d) ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um fjárhagsleg skilyrði eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða
 - (e) ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt vegna annarra atvika, sbr. og grein 5.1.

5. BOÐUN KRÖFUHAFAFUNDA

- 5.1 Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt boða alla kröfuhafa á kröfuhafafundi, miðað við skráðar upplýsingar í kerfum verðbréfamiðstöðvar á boðunardegi, en einnig er honum heimilt að boða útgefanda og staðfestingaraðila fjárhagslegra skilyrða eða aðra aðila telji hann slíkt nauðsynlegt eða æskilegt vegna einstakra dagskrárliða.
- 5.2 Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með að lágmarki 7 daga fyrirvara og að hámarki 21 dags fyrirvara. Dagskrá, tillögur og gögn skulu send kröfuhöfum með sama hætti og boðun með að lágmarki 7 daga fyrirvara. Heimilt er þó að boða til kröfuhafafundar með skemmri fyrirvara ef allir kröfuhafar hafa sammælt um það.
- 5.3 Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með tilkynningu til kröfuhafa í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvar. Umboðsmaður kröfuhafa skal tilkynna útgefanda um fyrirhugaða boðun kröfuhafafundar tímanlega til þess að gefa honum kost á því að uppfylla upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerðum settum á grundvelli laganna. Þá skal umboðsmaður kröfuhafa tilkynna útgefanda um niðurstöður fundarins með sama hætti.

6. TILHÖGUN OG LÖGMÆTI KRÖFUHAFAFUNDA

- 6.1 Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar.
- 6.2 Kröfuhafar skulu kjósa fundarstjóra og fundarritara á kröfuhafafundi. Fundarstjóri skal í upphafi fundar staðfesta hvort fundur sé ályktanabær, sbr. grein 6.3.
- 6.3 Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið boðaður í samræmi við grein 5 og fulltrúar kröfuhafa sem fara að lágmarki með 50% atkvæðisréttar, sbr. viðmið greinar 7.1 og 7.3, við lok dags daginn fyrir fund, að vera mættir á fundinn.
- 6.4 Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa slíta fundi án þess að taka þar til afgreiðslu mál. Umboðsmaður kröfuhafa skal í kjölfar slíks fundar, án ástæðulauss dráttar, boða nýjan kröfuhafafund sem haldinn skal eigi fyrir en að 7 dögum liðnum og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrri. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans var boðað með réttum hætti.

7. ATKVÆÐISRÉTTUR Á KRÖFUHAFAFUND

- 7.1 Á kröfuhafafundi miðast atkvæðisréttur kröfuhafa við uppgreiðsluverðmæti skuldaskjalanna sem er í eigu viðkomandi kröfuhafa sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra skuldaskjalanna við lok dags daginn fyrir fund.
- 7.2 Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri skera úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila.
- 7.3 Útgefandi og aðilar innan félagsins njóta ekki atkvæðisréttar vegna skuldaskjala sem kunna að vera í þeirra eigu og skulu þau ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.

8. ÁKVARÐANATAKA Á KRÖFUHAFAFUNDI

- 8.1 Ákvarðanir á kröfuhafafundi skulu einungis teljast samþykktar ef atkvæði eru greidd með þeim í þeim hlutföllum sem getið er í þessari grein 8, en í öllum tilvikum skal auðum og ógildum atkvæðum sleppt við talninguna.
- 8.2 Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum, þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum er sleppt við talninguna) til ákvarðanatöku.
- 8.3 Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/2 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 8.4 Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta af skuldaskjölunum nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- 8.5 Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum er sleppt við talninguna):
 - (a) Breytingar á vaxtakjörum.
 - (b) Breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar undanþágur (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn.
 - (c) Breytingar á uppgreiðsluheimild.

- (d) Breytingar á höfuðstólsfjárhæð.
- (e) Breytingar á samningnum eða samningi við staðfestingaraðila f.h. kröfuhafa. Framangreint á þó ekki við um breytingar sem leiðir af því að nýr aðili tekur við hlutverki umboðsmanns kröfuhafa í samræmi við samninginn eða leiðir af tilkynningu um nýjan viðtakanda tilkynninga eða breytt heimilisfang, sbr. grein 12.1 eða samningnum við staðfestingaraðila.

8.6 Ákvarðanir sem teknar eru með tilskildum atkvæðafjölda á ályktanabærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

9. BREYTINGAR Á UMBOÐSMANNI KRÖFUHAFA

- 9.1 Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela útgefanda að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.
- 9.2 Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa útgefanda um það og skal útgefandi þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.
- 9.3 Þegar útgefandi hefur skipað nýjan umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. framangreint, skal útgefandi fara fram á það við fráfarandi umboðsmann kröfuhafa að boðað verði til kröfuhafafundar þar sem skipun nýs umboðsmanns kröfuhafa er lögð fyrir kröfuhafa til samþykkis. Verði tillaga útgefanda um umboðsmann kröfuhafa ekki samþykkt, skal útgefandi, í samráði við kröfuhafa eftir því sem efni eru til, skipa annan aðila sem umboðsmann kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, og boða á kröfuhafafund með sama hætti. Samþykki kröfuhafafundur ekki þann umboðsmann kröfuhafa sem útgefandi hefur samið við, og ekki næst samkomulag milli útgefanda og kröfuhafa um annað, geta kröfuhafar sem fara með 1/4 atkvæða á kröfuhafafundi, samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa í samræmi við það sem mælt er fyrir um í grein 9.5.
- 9.4 Missi umboðsmaður kröfuhafa hæfi sitt á samningstímanum, sbr. grein 2, skal hann tilkynna um slíkt til útgefanda og láta af störfum án tafar og skal útgefandi þá, eins og fljótt og auðið er, skipa nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. og grein 9.3.
- 9.5 Hafi útgefandi ekki samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa 14 dögum eftir að honum verður kunnugt um að umboðsmaður kröfuhafa hyggst láta af störfum getur 1/4 kröfuhafa, miðað við atkvæðavægi á kröfuhafafundi (þar sem auðum og ógildum atkvæðum skal sleppt við talninguna), samið við nýjan umboðsmann kröfuhafa með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, og borið undir kröfuhafafund til samþykktar. Skulu kröfuhafar greiða og bera ábyrgð á þóknun nýs umboðsmanns að því marki sem hún er hærri en þóknun fráfarandi umboðsmanns.
- 9.6 Þegar skipt er um umboðsmann kröfuhafa skal hinn nýi umboðsmaður kröfuhafa, eftir að kröfuhafafundur hefur samþykkt skipun hans, gangast undir að taka við öllum réttindum og skyldum umboðsmanns kröfuhafa samkvæmt samningnum með undirritun aðildaryfirlýsingar í samræmi við viðauka I við samninginn. Umboðsmaður kröfuhafa sem lætur af störfum samkvæmt greinum 9.1 til 9.3 skal laus undan skyldum sínum þegar hinn nýi umboðsmaður hefur staðfest skipun sína með undirritun aðildaryfirlýsingarinnar. Þá skal fráfarandi umboðsmaður afhenda nýjum umboðsmanni öll skjöl eða gögn sem hann hefur undir höndum og nýr umboðsmaður með réttu óskar eftir, enda hafi allar útistandandi þóknanir fráfarandi umboðsmanns verið uppgerðar.

10. SKAÐABÓTAÁBYRGÐ

- 10.1 Kröfuhafi sem grípur til aðgerða sem brjóta í bága við samninginn skal vera skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem af slíkum aðgerðum kann að leiða, í samræmi við almennar reglur.
- 10.2 Umboðsmaður kröfuhafa ber ábyrgð á störfum sínum í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Umboðsmaður kröfuhafa ber þó ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem kröfuhafar kunna að verða fyrir. Þá ábyrgist umboðsmaður kröfuhafa að engu leyti greiðslur eða innheimtu krafna samkvæmt skuldaskjölunum.
- 10.3 Ábyrgð umboðsmanns kröfuhafa takmarkast við þá fjárhæð sem hægt er að krefjast, og fæst greidd, úr starfsábyrgðartryggingu hans, sbr. grein 2.4, nema um sé að ræða tjón sem rekja má til ásetnings umboðsmanns kröfuhafa, en í því tilviki skal skaðabótaábyrgð hans ekki sæta neinum takmörkunum.

11. TRÚNAÐUR

- 11.1 Umboðsmanni kröfuhafa er skylt að gæta fyllsta trúnaðar um hvaðeina sem hann verður áskynja um í störfum sínum á grundvelli samningsins, nema fyrir liggi skýr lagaákvæði eða úrskurður þar til bærs stjórnvalds eða dómstóls sem skylda hann til að láta af hendi slíkar upplýsingar. Trúnaðarskyldan helst eftir að umboðsmaður kröfuhafa lætur af störfum.
- 11.2 Trúnaðarskyldan tekur ekki til upplýsingagjafar umboðsmanns kröfuhafa sem honum er nauðsynleg til að vinna verk sín samkvæmt samningnum.

12. TILKYNNINGAR

- 12.1 Sé ekki kveðið á um annað í samningnum, skulu allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent vegna samningsins vera skrifleg (í bréfi eða tölvupósti) og skulu sendast til útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisföng og/eða tölvupóstföng, til þess að þær geti talist gildar gagnvart gagnaðila:

- (a) Ef til umboðsmanns kröfuhafa:

Logos slf.,
b.t. Freys Snæbjörnssonar
Efstaleiti 5,
103 Reykjavík
freyr@logos.is

- (b) Ef til útgefanda:

Fossar fjárfestingarbanki hf.,
b.t. Steingríms Arnars Finnssonar
Ármúla 3,
108 Reykjavík
steingrimur.finnsson@fossar.is

og:

Fossar fjárfestingarbanki hf.,
b.t. Þórunnar Ólafsdóttur
Ármúla 3,
108 Reykjavík
thorunn.olafsdottir@fossar.is

12.2 Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- eða tölvupóstfangi.

13. ÞÓKNUN UMBOÐSMANNS KRÖFUHAFA

- 13.1 Útgefandi einn ber skyldu til að greiða umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans, sbr. þó gr. 9.5, og skulu þeir gera með sér samning um þóknun til handa umboðsmanni kröfuhafa vegna starfa hans á grundvelli samningsins.
- 13.2 Útgefandi skal jafnframt bera allan eðlilegan útlagðan kostnað af störfum umboðsmanns kröfuhafa.

14. LÖG OG VARNARÞING

- 14.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 14.2 Rísi mál út af samningnum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

15. GILDISTÍMI

- 15.1 Samningurinn tekur gildi við undirritun og fellur sjálfkrafa niður þegar skuldaskjöldin hafa verið greidd upp að fullu.

16. ANNAÐ

- 16.1 Allar breytingar sem gerðar eru á samningnum skulu vera skriflegar, samþykktar af kröfuhöfum í samræmi við ákvæði samningsins og undirritaðar af hálfu útgefanda og umboðsmanns kröfuhafa, fyrir sína hönd og fyrir hönd kröfuhafa.
- 16.2 Samningurinn er undirritaður með fullgildri rafrænni undirritun í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Samningurinn skal birtur á heimasíðu útgefanda til upplýsingar fyrir kröfuhafa.
- 16.3 Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita útgefandi og umboðsmaður kröfuhafa samninginn.

Reykjavík, 27. febrúar 2026

F.h. Fossa fjárfestingarbanka hf.

Steingrímur Arnar Finnsson

F.h. LOGOS slf.

Freyr Snæbjörnsson

VIÐAUKI I
Form að aðildaryfirlýsingu nýs
umboðsmanns kröfuhafa

[Kröfuhafar]

Fossar fjárfestingarbanki hf.

Ármúla 3, 108 Reykjavík

b.t. Steingríms Arnars Finnssonar,

[staður og dagsetning]

Aðildaryfirlýsing umboðsmanns kröfuhafa

Vísað er til umboðssamnings, dags. [●]. 2025. Hugtök sem skilgreind eru í umboðssamningi skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Til samræmis við ákvæði umboðssamnings hefur undirritaður verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa og tekur sem slíkur við því hlutverki, ásamt öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja, og staðfestir það með undirritun sinni á yfirlýsingu þessa.

Allar tilkynningar og önnur samskipti sem eru gefin út eða afhent skulu sendast til umboðsmanns kröfuhafa með sannanlegum hætti á eftirfarandi heimilisfang og/eða tölvupóstfang, sbr. grein 12:

[Umboðsmaður kröfuhafa, [Heimilisfang] [Tölvupóstfang]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa.

[Framangreint staðfest sem fyrri umboðsmaður kröfuhafa]
